

## 4. gr.

102

9. nóvbr.

A lokunartíma sölubúða, samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol og salt til skipa.

## 5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálf tíma.

## 6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20--500 kr. og renna sektirnar í bæjar-sjóð. Mál útaf brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut elga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. nóvember 1920.

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

Staðfesting kónungs á skipulagsskrá fyrir »Heimilisiðnaðarsjóð Skagafjarðarsýslu«, 103  
úttefni á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 6. des. 1920. 6. desbr.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir

**Heimilisiðnaðarsjóð Skagafjarðarsýslu.**

## 1. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1000 krónur, sem lagðar eru í Söfnunarsjóð Íslands 6. desember 1920 Stofnfjeð má aldrei skerða, og skulu allir vextir leggjast við innstæðu, uns þeir nema 100 krónum á ari. Frá þeim tíma leggist halfir vextir við hofuðstól, en helmingur vaxta útborgist árlega til sýslunefudarinnar í Skagafjarðarsýslu.

103

6. desbr.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla heimilisiðnað í Skagafjarðarsýslu, og má í því skyni verja vöxtum hans:

1. til verðlauna á iðnaðarsýningum.
2. til kostnaðar við iðnaðarnámsskeið.
3. til iðnaðarkenslu í barna- og unglingskólum.
4. til alþýðufræðslu um framfarir í verknaði.
5. til innkaupa á verkefnum og áhöldum.
6. til hverskonar framkvæmda, er miða að því, að glæða áhuga og auka kunnáttu í verklegum störfum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er fallin sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu. Vöxtum hans ráðstafar sýslunefndin á aðalfundi sínum ár hvert. Heimilt er að safna saman vöxtum fleiri ára og veita meira fje í einu lagi.

4. gr.

Reikning sjóðsins semur oddviti sýslunefndar fyrir hvert almanaksár, eftir að vextir koma til útborgunar úr Söfnunarsjóði. Reikningurinn skal endurskoðaður og auglýstur á sama hátt og sýslureikningar.

Reykjavík, 6. desember 1920.

*Olafur Briem.*

104

11. des.

## Hafnarreglugjörð

fyrir

### Vestmannaeyjakaupstað.

Stjórnarráðið hefir 11. desember 1920 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

I. kafli.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast af strandlengjunni á Helmaey á einn veg og skiftist í:

- a. Innri höfn,
- b. Ytri höfn og
- c. Hafnarlegu.